

Þagnarskyldu- og trúnaðaryfirlýsing

Efni: Sjúkraskrá

Ábyrgð: Framkvæmdastjóri lækninga

Útgáfudagur: 10/14/2016

Aðilar sem gera samning við SAK án ráðningarsambands, t.a.m. nemar, verktakar og aðrir fagmenntaðir aðilar skrifa undir þagnarskyldu- og trúnaðaryfirlýsingu.

Ég undirrituð/undirritaður staðfesti hér með að mér er skylt að gæta þagnarmælsku um atriði, sem ég fæ vitneskju um í starfi á Sjúkrahúsinu á Akureyri, og leynt skulu fara, samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna eða eðli málsins.

Þagnarskyldan nær til allrar vitneskju um sjúklinga, sjúkdóm þeirra, meðferð og annarra persónulegra upplýsinga og helst hún þó að sjúklingur andist. Ákvæði laga og reglna um þagnarskyldu heilbrigðisstarfsmanna eiga við um þagnarskyldu mína.

Fái ég, undirrituð/undirritaður, afhent notandanafn og lykilorð til aðgangs að sjúkraskrár- og tölvukerfi SAK, ber ég ábyrgð á því sem gert er í tölvukerfinu undir mínu notandanafni. Vinnutengd gögn eru eign stofnunarinnar. Einnig ber mér skylda til að kynna mér reglur um umgengni við tölvukerfi SAK.

Mér er kunnugt um að brot gegn þessari þagnarskyldu geta varðað refsingu samkvæmt 230. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eða, eftir atvikum, ákvæðum annarra laga, s.s. 42. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Þagnarskyldan helst þótt ég láti af starfi skv. 18. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmannaríkisins nr. 70/1996.

Ég heiti því að virða þagnarskyldu þá sem lýst er hér að framan.

- Nemi
- Verktaki
- Annað _____

Nafn með prentstöfum

Kennitala

Staður og dagsetning

Undirskrift aðila

F.h. Sjúkrahússins á Akureyri

Ensk útgáfa af þagnarskyldu- og trúnaðaryfirlýsingu, sjá EB-282.